

Upplýsingar um grafreiti fást á skrifstofum:

Í Fossvogi í síma 585-2700,

í Gufunesi í síma 585-2770

mán.-fim. 8:00 – 16:00 og fös. 8:00 – 12:00

Gagnvirkt kort er á www.gardur.is

Gufuneskirkjugarður

Fyrst grafið 1980

Kirkjugarðarnir eru friðhelgir.


Öll óparfa umferð er bönnuð, leikir og hverskonarhávaði.

Börn mega ekki hafast þar við nema í fylgd með fullorðnum, sem bera þá ábyrgð á hegðun þeirra.

Bannað er að fara um garðinn með hunda, hesta og önnur dýr.

Vinsamlegast gangið snyrtilega um garðinn, og notið viðeigandi ruslaílat, fyrir lífrænt efni og ólífrænt efni.

Kör fyrir
úrgang og
rusl



VINSAMLEGA
AKIÐ EKKI
GRAFARSTÍGA


Sérstakir grafreitir:

Óvígður reitur K-18

Ásatrúarreitur H-0 og H-1

Búddareitur G-1 vestari endi

Múslímareitur G-1 austari endi

Minnismarki um horfna 

Víkuvvegur

Umhirða leiða

Öll umhirða á leiðum yfir sumartímann, s.s sláttur, hirðing og sléttun leiða, er á höndum starfsmanna Kirkjugarðanna og ekki er tekið gjald fyrir þá þjónustu. Sumarblóm er hægt að kaupa á leiði hjá Kirkjugörðunum, hafa skal samband við skrifstofu Kirkjugarðanna í síma: 585-2700 og 585-2770

Legsteinn og reglur um stærð

Kirkjugarðar Reykjavíkur mæla með því að legsteinar séu ekki settir á kistuleiði fyrr en ári eftir jarðsetningu. Í duftgarði þarf ekki að bíða svo lengi.

Reglur um stærð og gerð minnismerkja er að finna á heimasíðu Kirkjugarða Reykjavíkur, kirkjugardar.is

Garðyrkjustjóri og starfsmenn skrifstofu veita upplýsingar um minnismerki leiða.

Girðingar og hellur

Ekki er leyfilegt að setja girðingar eða hellur umhverfis leiði.

Garðyrkjustjóri og starfsmenn skrifstofu veita upplýsingar um umgjardir leiða.

Gróðursetning

Ekki er leyfilegt að planta trjákendum plöntum og sumum fjölæringum á leiði.

Blómabeð við kistuleiði eru að jafnaði 60x80 cm.

Garðyrkjustjóri og starfsmenn skrifstofu veita upplýsingar um leyfilegan gróður á leiðum.

Jólaskraut á leiðum

Þeir aðstandendur, sem skreyta leiði ástvina sinna um jól og áramót, eru beðnir um að taka skrautið **fyrir 1.febrúar**, ef aðstæður leyfa.

Viðgerð á leiðum og minnismerkjum

Viðgerðir á minnismerkjum s.s. vinna við að rétta legsteina, gera við steypuskemmdir o.fl. eru á höndum aðstandenda. Þeim aðstandendum sem standa frammi fyrir viðgerðum er bent á að hafa samband við þess fallandi fyrirtæki sem sjá um slíka þjónustu.

Akstur um garðana

Öll umferð vélknúinna ökutækja er óæskilegur og viljum við benda öikumönnum á að leggja ökutækjum á bílastæðin og ganga um garðana. Ef nauðsyn er á akstri um garðinn skal hraði ökutækja aldrei fara yfir 20 km á klst.

Garðyrkjustjóri er með síma: 585-2720 og 620-4745

Starfsmenn skrifstofu er með síma: 585-2700 og 585-2770

Með kveðju frá starfsfólki Kirkjugarðanna.